

54. stjórnarfundur haldinn á Hótel Höfn í Hornafirði þann 25. janúar 2012 kl. 10:30

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Böðvar Pétursson, Hjalti Þór Vignisson, Björn Ármann Ólafsson, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson. Elín Heiða Valsdóttir var í síma. Elín vék af fundi kl. 15:00.
Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritaði fundargerð.

1. Samþykkt dagskrár

Samþykkt.

2. Samþykki fundargerðar 14. desember 2011

Snorri benti á að í umræðum um samráð um samgöngur hafi honum ekki gefist kostur á að ræða samráðsferlið um samgöngur.

Fundargerð samþykkt.

3. Rekstrarmál 2011

Endanleg rekstrarniðurstaða ársins 2011 mun ekki liggja fyrir en um mánaðarmót febrúar/mars, en allar líkur eru á að reksturinn verði nálægt því að verða í jafnvægi m.v. áætlun. Gjöldin eru nokkru hærri en áætlað var og sértekjur verða nokkurn veginn á áætlun og aðrar tekjur verða hærri en áætlað var og koma á móti hærri gjöldum. Lokaniðurstaðan gæti endað í gjöldum umfram tekjur, sem yrði þó innan við 4% viðmiðið.

4. Rekstraráætlun 2012

Í fjárlögum ársins 2012 er gert ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði til rekstrar verði alls 232,8 m.kr. Í framlögðum drögum að rekstraráætlun ársins 2012 er gert ráð fyrir að heildarútgjöld (brúttó) verði 365,7 m.kr. Tekjur alls eru áætlaðar 133 m.kr., þar af sértekjur 125 m.kr. og gjöld umfram tekjur því áætluð 232,7 m.kr., sem er 0,1 m.kr. lægri upphæð en framlag á fjárlögum og rekstrarniðurstaða því áætluð 0,1 m.kr. innan heimilda á fjárlögum.

Meginbreytingar frá rekstraráætlun ársins 2011 felast fyrst og fremst í viðbótarkostnaði vegna nýrrar upplýsinga- og sýningaraðstöðu á Höfn, aukinni landvörslu og aukinni fastri viðveru í Skaftafelli.

Stjórn samþykkir framlagða áætlun miðað við fyrirbyggjandi forsendur.

5. Aðgerðaáætlun

Áfram hefur verið unnið að drögum að Aðgerðaáætlun á grunni Stjórnunar - og verndaráætlunar þjóðgarðsins. Sérstaklega hefur verið farið yfir verkefni ársins 2012, en einnig hafa verið sett inn helstu verkefni ársins 2011. Áætlunin verður unnin áfram og farið betur yfir forgangsverkefni næstu ára frá og með 2013.

6. Framkvæmdaáætlun 2012

Í fjárlögum ársins 2012 er gert ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði til framkvæmda verði 169 m.kr. Í framlögðum drögum að framkvæmdaáætlun ársins 2012 er gert ráð fyrir að útgjöld til verði innan þeirrar fjárhæðar. Stjórn samþykkir framlagða framkvæmdaáætlun. Kristveig lýsti yfir ánægju með að áætlunin endurspegli sameiginlega forgangsröðun þjóðgarðsvarða og framkvæmdastjóra

7. Hollvinasamtökin Vinir Vatnajökuls

Rætt hefur verið áfram um aðkomu Vinanna að verkefnum í Vatnajökulspjóðgarði á árinu 2012, og eru þau fyrst og fremst eftirfarandi:

- ný sýning í Gömlubúð á Höfn
- lagfæring á sýningu í Skaftafellsstofu
- fræðsluefni fyrir ferðamenn og skóla
- fræðsluefni fyrir yngri gesti þjóðgarðsins („litli landvörðurinn“)

Auk þess er verið að skoða mögulega óbeina aðkomu að gerð útsýnispalls og göngutrappna við Eldgjá.

Varðandi aðkomu að verkefnum á árinu 2012 er fyrst og fremst verið að skoða sameiginlega þátttöku Vinanna og þjóðgarðsins.

Stjórn lýsir yfir ánægju ef ofangreint kemst í höfn og fagnar þeim samskiptum sem hafa átt sér stað að undanfögnu. Stjórn telur mikilvægt að undirbúningur sameiginlegra verkefna hefjist fyrr og nógu snemma til að hægt sé að hafa þau til hliðsjónar við áætlunargerð hvers árs.

8. Gamlabúð á Höfn

Um er að ræða aðstöðu í gömlu húsi sem áætlað er að flutt verði á hafnarsvæðið á Höfn. Sveitarfélagið er eigandi hússins og mun hafa veg og vanda af flutningi þess og að gera það í stand til að geta hýst upplýsingastöð, sýningu og vinnuástöðu starfsmanna þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn tæki húsið á leigu og bæri ábyrgð á rekstri þess. Rætt hefur verið við Vini Vatnajökuls um aðkomu þeirra að gerð og uppsetningu sýningar í húsinu. Stjórn fór í vettvangsferð, skoðaði húsið og fyrirhugaða staðsetningu.

9. Stjórnunar- og verndaráætlun; nýtt svæði við Langasjó og Eldgjá

Elín Heiða gerði grein fyrir vinnunni. Fyrir liggur hagsmunaaðilagreining, samráðsáætlun og tímasett verkefnisáætlun. Samráðsfundir hafa verið auglýstir í þessari viku og gert er ráð fyrir að lokatillaga verði afhent stjórn í byrjun mars.

Ákvörðun verður tekin um tímaáætlun fyrir lokafrágang stjórnunar- og verndaráætlunar á næsta fundi stjórnar.

10. Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Gerð grein fyrir framvindu verkefnisins. Unnið er að því að fá formlegt samþykki og staðfestingu fjármagns til hluta hönnunar svo og framkvæmda frá þeim aðilum, sem hafa sýnt því áhuga að vera með í verkefninu. Fyrr en það liggur fyrir verða ekki teknar frekari ákvarðanir um framvindu verkefnisins.

11. Samráð um samgöngur

Kristveig lagði til að næsti fundur yrði helgaður samgöngum og innra skipulag garðsins. Kristveig taldi mikilvægt að fyrirbyggjandi greinargerð fengi umfjöllun í svæðisráðum og meðal starfsmanna fyrir fundinn og álit yrði sent stjórn í síðasta lagi viku fyrir fund.

12. Sameining stofnana – Vatnajökulspjóðgarður

Í síðustu viku var lögð fram greinargerð til umhverfisráðneysisins dagsett 19. jan. 2012, með tillögum ráðgjafa sem kannað höfðu fýsileika þess að að sameina í eina stofnun Vatnajökulspjóðgarð, þjóðgarðinn á Þingvöllum og viðfangsefni Umhverfisstofnunar á sviði náttúruverndarsvæða þ.m.t. Þjóðgarðinn Snæfellsjökull og friðlýst svæði í umsjá Umhverfisstofnunar

Miklar umræður sköpuðust um málið.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs telur mikilvægt að nálgast mögulegar breytingar á skipan umhverfisstofnana er varða rekstur og uppbyggingu þjóðgarða og friðlýstra svæða út frá hagsmunum náttúruverndar, útivistar og byggðaðróunar en ekki einstaka stofnunum. Þá vill stjórnin undirstrika að stjórnfyriřkomulag Vatnajökulspjóðgarðs hefur skilað af sér mikilvægum verkefnum til framtíðar litið og ber þar stjórnunar- og verndaráætlun hæst. Stjórn leggur þunga áherslu á að tímarammi sem nefndur er í tillögum ráðgjafa verði mun rýmri og starfshópur sem vinni að endurskipulagningunni endurspegli alla þá hagsmuni sem undir eru þegar rætt er um þjóðgarða og friðlýst svæði. Þá minnir stjórn á bráðabirgðarákvæði í gildandi lögum um Vatnajökulspjóðgarð um samvinnu við sveitarfélög ef breyta á stjórnfyriřkomulagi garðsins.

Stjórn sammála um að senda ráðuneytinu bókunina.

13. Innra skipulag

Frestað til næsta fundar.

14. Svæðisráð-fundargerðir

Fyrir fundinum lágu fundargerðir norðursvæðis 13. janúar, suðursvæðis dags. 18. janúar og austursvæðis dags. 12. jan.

Formaður svæðisráðs austursvæðis óskaði eftir að 3. liður í viðkomandi fundargerð yrði tekinn til umfjöllunar en hann varðar þjóðgarðastofnun. Umræða um málið fór fram undir lið 12. sameining stofnana.

Formaður norðursvæðis ræddi umræður um samgöngusamráð á fundi svæðisráðs. Stjórn tekur málið fyrir á næsta fundi. Einnig vakti hann athygli á að ársfundur norðursvæðis verði haldinn í byrjun mars. Bent á að fulltrúa ferðamálasamtaka vantar í hópinn og því er beint til framkvæmdastjóra að senda formanni samtakanna áminningu um að tilnefna fulltrúa í nefndina.

15. Önnur mál

- Landsvæði við Dettifoss að vestan – staða
Þórður og Böðvar gerðu grein fyrir vinnu á milli funda.

- Veiðar

Kristveig gerði grein fyrir ósk frá Einari Karli Haraldssyni um fund um veiðar innan þjóðgarðs. Í máli hennar kom fram að þjóðgarðsvörður og svæðisráð austursvæðis hafi haldið utan um veiðimál á svæðinu í umboði stjórnar. Stjórn felur þjóðgarðsverði og svæðisráði að halda vinnunni áfram. Jafnframt er þjóðgarðsverði falið að taka saman yfirlit um það samráð sem hefur átt sér stað og áætlun um áframhaldandi samráð. Stjórn telur mikilvægt að málefni sem tengjast ákveðnum svæðum séu undirbúin í svæðisráðum og komi þaðan til stjórnar. Samþykkt.

- Landvarðanámskeið

Sigrún gerði auglýsingu um landvarðanámskeið að umtalsefni. Benti á að í auglýsingu kæmi ekki fram samstarf við Vatnajökulþjóðgarð þrátt fyrir að hluti af námskeiðinu færi fram í Skaftafelli. Þórður sagði að samstarf væri til staðar og hefði aukist með árunum. Upplýsti að landvarðanámskeið yrði að hafa stoð í lögum og þar væri það bundið Umhverfisstofnun. Sagði frá framlagi starfsmanna garðsins á námskeiðinu. Sigrún benti á að ekki væru settar fram hæfniskröfur í auglýsingunni. Jafnframt gerði hún kostnað við námskeiðið að umtalsefni og vísaði til lágra skólagjalda í háskóla því til samanburðar. Stjórn telur mikilvægt að endurskoða fyrirkomulag landvarðanámskeiða til að tryggja gæði og aðgang að þeim.

16. Næsti stjórnarfundur

Verður 22. febrúar á Austursvæði.

Fundi slitið kl. 17:20